

**Ed.**

**333. Frumvarp til laga**

**[97. mál]**

um skógræktardag skólafólks.

(Eftir 2. umr. Ed.)

**1. gr.**

Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í rikisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.

Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri vinnuaðstöðu.

Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

**2. gr.**

Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

**3. gr.**

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skógræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrúðjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknaerstofnana.

**4. gr.**

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.